

BORGARALEG FERMING 2017

VINSAMLEGAST GEYMIÐ PETTA UPPLÝSINGAHEFTI



Ágætu fermingarbörn, foreldrar og aðrir aðstandendur.

Hjálagður er listi með nöfnum allra fermingarbarnanna. Í dálkunum fyrir miðju og til hægri má sjá í hvaða námskeiði og hvaða athöfn viðkomandi barn er skráð.

Kennslustjóri og aðalkennari er Jóhann Björnsson heimspekingur og kennari. hs: 553-0877, gsm: 844-9211 - netfang: johann@sidmennt.is

Mætingarskylda er í tíma. Forföll skal boða til kennara. Fermingarbörnum og aðstandendum þeirra er velkomið að hafa samband við kennara í síma eða með tölvupósti.

Í Reykjavík verða haldin níu 12-vikna námskeið og tvö helgarnámskeið. Á Akureyri verða 2 helgarnámskeið og á Selfossi og í Reykjanesbæ verða haldin eitt helgarnámskeið á hvorum stað. Helgarnámskeiðin eru kennd yfir tvær helgar, skipt í fyrri og seinni hluta.

Upplýsingar um 12-vikna námskeiðin:

Á mánu-, þriðju-, miðviku- og fimmtudögum verða tveir hópar (A og B) sem verða kenndir samtímis. Tímaplanið er sem hér segir:

<u>Mánudagar A / B</u>	<u>kl. 16:40 til 18:00</u>	<u>byrjar 9. janúar</u>
<u>Þriðjudagar A / B</u>	<u>kl. 16:40 til 18:00</u>	<u>byrjar 10. janúar</u>
<u>Miðvikudagar A / B</u>	<u>kl. 16:40 til 18:00</u>	<u>byrjar 11. janúar</u>
<u>Fimmtudagar A / B</u>	<u>kl. 16:40 til 18:00</u>	<u>byrjar 12. janúar</u>
<u>Föstudagar</u>	<u>kl. 15:40 til 17:00</u>	<u>byrjar 13. janúar</u>

Öll ofangreind 12-vikna námskeið fara fram í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Farið er inn um suður-inngang MH. A hópur verður í stofu 27 (fyrsta stofan til vinstri frá innganginum) og B hópur í 28 (handan hornsins)

Jóhann verður með GSM símann sinn ef einhver finnur ekki kennslustofurnar.

Undir lok námskeiðs verður foreldrum / forráðamönnum boðið að koma og fræðast um það sem hefur verið gert.

Helgarnámskeiðið í Reykjavík verður eins og hér segir:

Staður: Réttarholtsskóli, Réttarholtsveg 10

Fyrri hluti: Laugardaginn 4. og sunnudaginn 5. febrúar

Seinni hluti: Laugardaginn 4. og sunnudaginn 5. mars

Það verða tveir hópar í gangi á helgarnámskeiðinu sem verða kenndir samtímis. Hópur A verður í stofu 12 og hópur B í stofu 13. Gengið er inn í skólabygginguna frá hringtorgi við skólann. Tekið verður á móti þátttakendum þar við innganginn.

Jóhann verður með GSM símann á sér. Kennslan hefst kl. 10:00 alla dagana og stendur til kl. 16:00 á laugardögunum og til 15:00 á sunnudögunum.

Ekki hefur verið ákveðið hvort boðið verður upp á foreldratíma fyrir foreldra barna á helgarnámskeiðinu. Fer það eftir því hvort þeir koma með börnum sínum til Reykjavíkur eða ekki. Haft verður samráð við þátttakendur síðar um þetta mál.

Helgarnámskeiðið í Reykjanesbæ verður eins og hér segir:

Staður: Skátaheimilið, Hringbraut 101, Keflavík

Fyrri hluti: Laugardaginn 21. og sunnudaginn 22. janúar

Seinni hluti: Laugardaginn 25. og sunnudaginn 26. febrúar

Kennslan á laugardögunum er frá 10:00 - 16:00 og 10:00 - 15:00 á sunnudögunum. Nánari upplýsingum um námskeiðið verður dreift með tölvupósti til þátttakenda þegar nær dregur.

Helgarnámskeiðið á Selfossi verður eins og hér segir:

Staður: Skátaheimilið

Fyrri hluti: Laugardaginn 11. og sunnudaginn 12. febrúar

Seinni hluti: Laugardaginn 18. og sunnudaginn 19. mars

Kennslan á laugardögunum er frá 10:00 - 16:00 og 10:00 - 15:00 á sunnudögunum. Nánari upplýsingum um námskeiðið verður dreift með tölvupósti til þátttakenda þegar nær dregur.

Helgarnámskeiðin á Akureyri verða eins og hér segir:

Staður: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Fyrri hluti: Laugardaginn 4. mars og sunnudaginn 5. mars

Seinni hluti: Laugardaginn 1. apríl og sunnudaginn 2. apríl

Kennari á Akureyri er Valgerður Dögg Jónsdóttir. Kennslan hefst kl. 10:00 alla dagana og stendur til kl. 16:00 á laugardögunum og til 15:00 á sunnudögunum. Nánari upplýsingum um námskeiðið verður dreift með tölvupósti til þátttakenda þegar nær dregur.

Tíu fermingarathafnir vorið 2017

Haldnar verða tíu fermingarathafnir næsta vor. Þrjár athafnir verða haldnar í Háskólabíói og þrjár athafnir í Salnum í Kópavogi. Einnig verða haldnar athafnir í Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Reykjanesbæ, Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, sal Háskólans á Akureyri og Skrúðgarðinum á Húsavík.

Sunnudaginn **2. apríl** í Háskólabíó í Reykjavík - kl. 10:30, 12:30 og 14:30.

Laugardaginn **8. apríl** kl. 14:00 í Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Laugardaginn **8. apríl** kl. 14:00 í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Sunnudaginn **23. apríl** í **Salnum** í **Kópavogi** - kl. 10:30, 12:30 og 14:30.

Laugardaginn **3. júní** kl. 14:00 í sal **Háskólans** á **Akureyri**.

Laugardaginn **3. júní** kl. 14:00 í **Skrúðgarðinum** á **Húsavík**.

Athafnirnar í Reykjavík taka um eina klukkustund hvor en athafnirnar í Kópavogi og annars staðar eitthvað skemur. Hópmyndataka (einungis í Reykjavíkur- og Kópavogsathöfnum) verður strax á eftir hverri athöfn en hún tekur yfirleitt um 20 mínútur. **Æfingar** fyrir athafnirnar í Háskólabíói og Salnum verða daginn fyrir athöfn. Nánari upplýsingar um æfingar og athafnir verða sendar ykkur tímanlega. Æfingar fyrir athafnir annars staðar á landinu verða fyrr um daginn, sama dag og athafnirnar fara fram.

Greiðsla

Þátttökugjald hefur verið innheimt og ættu allir foreldrar að hafa fengið kröfur í heimabanka eða á þann hátt sem valið var. Þau ykkar sem eruð með börn á námskeiðinu á Akureyri greiðið þó seinna.

ATHUGIÐ: Fólk í fjárhagsvanda getur samið við framkvæmdastjóra um greiðsludreifingu yfir 2-3 mánuði. Félagsmálayfirvöld sveitarfélaga hafa hjálpað í sumum tilvikum.

Hætti barn við þátttöku er endurgreitt að fullu sé látið vita fyrir lok sunnudags fyrstu kennsluviku (15. janúar), fyrir þá sem eru í Reykjavíkurnámskeiðunum, eða eftir lok fyrsta laugardagsins á helgarnámskeiðunum. Eftir það er haldið eftir kr. 3.000 í umsýslugjald. Engin endurgreiðsla (nema kr. 12.000 vegna athafnar) fæst hætti barn að loknum helmingi námskeiðs eða seinna.

Ef barn hættir þátttöku skal láta vita annað hvort með því að senda tölvupóst á ferming@sidmennt.is eða hringja í:

Bjarna Jónsson framkvæmdastjóra Siðmenntar (s: 612-3295),

Hope Knútsson framkvæmdastjóra BF (s: 567-7752, 694-7486) eða

Jóhann Björnsson kennslustjóra BF (s: 844-9211, 553-0877)

Okkur vantar tillögur

Eftir að námskeiðin hafa hafist verður kannað hvaða fermingarbörn hafa áhuga á að koma fram í sinni athöfn t.d. með hljóðfæraleik, ljóðalestur, ávarp, söng, dans eða annað menningarlegt atriði. Einnig munum við biðja ykkur um tillögur að utanaðkomandi ræðumanni. Það væri voða gott að byrja að hugsa um öll þessi mál núna til þess að vera tilbúin með svör þegar við spyrjum. Ef þið hafið einhverjar tillögur nú þegar, væri það vel þegið að fá þær sendar á hope@sidmennt.is

Í marsmánuði verður tekið við pöntunum á hópmyndum og myndupptökum af athöfnunum í Reykjavík og Kópavogi. Upptökumál fyrir Akureyrarathöfnina er í skoðun.

Fréttir af framvindu undirbúnings má sjá á heimasíðu Siðmenntar:

<http://sidmennt.is/ferming/bf-2017-upplýsingar/>

Tölvupóstsamskipti og ruslpóstvarnir

Eitthvað hefur borið á því að póstar frá Hope, Þorsteini eða öðrum innan Siðmenntar sem halda utan um undirbúning BF hafi ekki alltaf skilað sér til allra. Við viljum því biðja ykkur um að bæta eftirtöldum netföngum við addressubækur/contact lista ykkar, til að minnka líkurnar á að póstarnir endi í spam / ruslmöppum ykkar:


steini@sidmennt.is
hopeful@islandia.is
bjarni@sidmennt.is
johannbjo@gmail.com
jóhann@sidmennt.is

Þrátt fyrir þetta getur verið nauðsynlegt fyrir ykkur að kíkja af og til í ruslmöppuna hjá ykkur og skoða hvort eitthvað leynist þar frá Siðmennt.


Mailchimp póstlistaforritið

Þegar við sendum pósta á mjög marga notum við póstlistaforritið Mailchimp til þess að senda póstana. Sá póstur getur einnig verið rusl-flokkaður og gmail t.d. virðist flokka pósta sendan úr kerfum mailchimp sem auglýsingapóst/promotion og setur í þann flipa á gmail.com. Þannig fara þessir póstar oft framhjá fólki sem skoðar sjaldan þennan flipa. Athugið þetta því þar. Einnig er hægt að „kenna“ gmail að setja ekki pósta frá okkur í þann flipa og setja þá í „Primary“ þess í stað sjálfkrafa.

1. Það er gert með því að hægri smella á póstinn þar sem hann er í promotion-/auglýsinga flipanum og gera Move to tab > Primary



2. Þá birtist svona skilaboð efst álíka og þessi gluggi og þá er mikilvægt að smella á **Yes** við spurninguna Do this for future messages from ...?



Í 1. skrefinu er líka hægt að smella á póstinn og draga póstinn yfir í primary flipann. Þá kemur einnig upp spurningin í 2. skrefinu sem þarf svo að merkja já við til að festa breytinguna.

Með bestu kveðju,
Hope Knútsson, Þorsteinn Kolbeinsson og Bjarni Jónsson